

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 91

Febrúar 2003

Fréttabréf



AÐALFUNDUR JÖRFÍ

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þann **25. febrúar 2003 kl. 20:00 í Norrænahúsinu**. Efni fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Sjá nánar síðar í fréttabréfinu.

Að loknum aðalfundarstörfum verður sýnd kvikmynd um nýja skálann í Esjufjöllum og sagt frá flutningi hans í byrjun maí á síðasta ári.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þann 25. febrúar 2003 kl 20:00 í Norrænahúsinu Efni fundarins er skv. 7. grein laga félagsins, sem hér segir:

1. kosning fundarstjóra og fundarritara
2. kjör heiðursfélaga (engar tillögur liggja fyrir)
3. skýrsla stjórnar
4. endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar félagsmanna
5. lagabreytingar (engar tillögur liggja fyrir)
6. kosning stjórnar
7. kjör valnefndar
8. kosning endurskoðenda
9. önnur mál

Kvikmynd um flutning Esjufjallaskála

Jökларannsóknafélagið hefur átt hús í Esjufjöllum allt frá 1951. Ekki hefur sá búskapur þó gengið áfallalaust því fyrsta húsið fauk í ofviðri 1967. Annað hús sem reist var 1977 fauk líka, í aftakaveðri í mars 1999. Þrátt fyrir þessa hrakfallasögu varð að ráði að reisa þriðja húsið og var það smíðað síðastliðinn vetur í aðstöðu trésmíðjunnar Brim við Reykjavíkurveg 64 í Hafnarfirði. Húsið er svipað þeim sem nú eru við Fjallkirkju og á Goðahnúkum en nokkru stærra og munar þar einkum um mun stærra anddyri. Skálinn var fullbúinn eftir páska en þunglega leit út með flutning vegna hlýinda og krapa. En á ögurstundu dró til norðanáttar, veður kólnaði og máttarvöldin opnuðu leið í Esjufjöll. Skálanefndin lét tækifærið ekki ónotað og var skálinn fluttur í Esjufjöll helgina 3.-5. maí 2002. Snjóbíll Hjálparsveitar Skáta í Reykjavík dró húsið upp Breiðamerkurjökul á laugardeginum 4. maí og gekk það að óskum. Var húsinu komið fyrir á grunni gamla hússins, sunnan Tjaldmýrar í Skálaljörgum. Eru festingar nýja hússins margfalt öflugri en var á gamla húsinu enda sýnir sagan að ekki er vanþörf á. Þó oft sé veðrasælt í Esjufjöllum er greinilegt að mikil fárviðri af norðvestri er sá sérreittur sem öðru hverju er boðið uppá á þessum slóðum. Magnús H. Sólmundsson setti myndina saman.

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2002

Árið 2002 var eitt hið hlýasta á síðustu áratugum einkum var hlýtt í byrjun sumars og svo fram á haustið og veturinn. Úrkoma var rífleg og voru ýmis met slegin á Austurlandi. Nú virðist því lokið þurrviðristímabili sem hófst 1995 en úrkoma síðast liðna öld lagðist gjarnan í 7-10 ára votviðrasama og síðan jafn langa þurra kafla. Snjóalög á hálendinu veturinn 2001-2002 voru þó lítil í dúr við síðustu ár og leggst það á eitt með hitanum að gera jöklunum þungt fyrir. Það kom samt ekki á óvart í ljósi mikillar úrkomu að mikinn snjó setti á Hofsjökul ofanverðan og hefur það eflaust verið reyndin víðar á hájöklum. Þessum snjó þurfa jöklarnir að miðla niður á við og má því allt eins búast við að jöklar springi hið efra meira en undanfarin ár.

Mitt í öllu jöklahopinu víðs vegar um land mældist framgangur bæði á Bægisárjökli og Grímslandsjökli fyrir norðan. Ekki verður samt séð hvort það var á árinu 2001 eða 2002 því mæling þar náðist ekki fyrra árið vegna snjóa. Haustið 2001 mældist framgangur í Gljúfurárjökli sem mælingamenn afskrifuðu af því að þeir trúðu ekki mælingunni. Ekki vottaði fyrir að sporðurinn ryddi upp aur á undan sér né heldur að hann belgdist upp eins og víða sést á jöklum í framgangi. Mælingamennirnir áttu erfitt með að trúa mælingunni en tölurnar segja sína sögu. Hugsast gæti að drjúgur snjór sem varð eftir haustið 2001 við jökulröndina væri orðinn að jökulís en ekki leit út fyrir að svo væri. Þetta kom á óvart - og þó. Snjór hefur verið talsverður á fjöllum norðanlands einkum veturinn 2000-2001 og gæti það vel verið að skila sér í svona framskiði. Báðir ofanefndir jöklar eru skálarjöklar (hvilftarjöklar) og er skriðeðli þeirra ekki vel þekkt. Þeir eru stuttir og yfirleitt óhreinir í sporðinn. Mælingar á þeim eru eðli máls samkvæmt stopular því að í snjóáárum eða svölum sumrum er sporðurinn hulinn snjó allt árið um kring. Vitað er að nokkrir skálarjöklar á Norðurlandi hafa hlaupið fram (sjá merka grein eftir Helga Hallgrímsson í Jökli 22. árgangi) og ef til vill er það eðli þeirra allra.

Jöklamælingamenn fóru til vitjunar á 46 stöðum á nýliðnu hausti. Eins og að ofan segir þá teljast tveir jöklar fyrir norðan hafa skriðið fram. Reykjarfjarðarjökull fyrir vestan er loksins lagður af stað eins og stallbræður hans að undanfögnu en ekki með nærri því eins miklum látum. Kaldalóns- og

Leirufjarðarjökul hefur þrotið örendi og standa þeir nú í stað eftir mikinn sprett. Aðrir jöklar á landinu hafa hoptað, flestir samfelldt í 5-7 ár.

Í haust fóru tveir ungir námsmenn í jarðvísindum þeir Bergur Einarsson og Björn Oddsson að vestanverðum Hofsjökli og settu ný merki við Kvíslajökul. Sömuleiðis fór hópur röskra manna undir forystu Bjarna Kristinssonar vatnamælingamanns að Klofajökli sem fellur norður úr Eiríksjökli. Settu þeir þar ný merki sem vonir standa til að verði mæld framvegis þótt þangað sé torleiði.

Þegar jöklar hopta svo sem raun ber vitni að undanfögnu leitast vatnsföll, sem undan þeim koma, við að safnast í færri farvegi. Hannes bóndi á Hvoli í Fljótshverfi hefur bent á að haldi Súlujökull áfram að hörfa eins og þessi árin verði þess ekki langt að bíða að Súla leiti austur með jökulröndinni og falli í Gígjukvísl. Ragnar Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli sendi nótu um að Skeiðará væri smám saman að fikra sig í vestari kvíslina og félli nú ekki upp að Skaftafellsbrekkum eins og hún gerði áður. Jökullinn er orðinn mjög flatur og býst Ragnar við hröðu hopti á næstu árum. Vera kann að allt vatn frá Skeiðarárjökli safnist í einn farveg, það er til Gígjukvíslar, og er þá aftur komin Jökulsá sem nefnd er í Landnámu og stundum kölluð "á Sandi". Sigurður á Kvískerjum telur að hún hafi verið nærri miðjum sandi og skilið milli Skaftafells- og Núpsstaðarfjörú. Þau mörk hafa haldið sér frá öndverðu þótt árnar flökti austur og vestur eins og eðlið býður þeim.

Oddur Sigurðsson

Fjöldi gistinátta í skálum árið 2002 og gjaldskrá fyrir árið 2003

| Staður | Fjöldi gistinátta árið 2002 | Gjaldskrá árið 2003 (kr/dag/mann) |
|-------------|-----------------------------|-----------------------------------|
| Grímsfjall | 673 | 1500 |
| Jökulheimar | 506 | 1200 |
| Esjuþjöll | 21 | 1200 |
| Lítill hús | 40 | 600 |

Fjöldi gistinátta í skálum félagsins árið 2002 var samtals 1240 nætur sem er met. Gjaldskráin fyrir árið 2003 var ákveðin á stjórnarfundi þann 13. janúar 2003

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen